



Tilkynning um stækkun á farmrými eða yfirbyggingu

Stækkun farmrýmis eða yfirbyggingar flokkast sem meiriháttar breytingar. Lesa má um ítarlegt ferli vegna breytinga inn á síðunni: [Breytingar á skipum og bátum | Ísland.is \(island.is\)](https://thjonustugatt.samgongustofa.is/form/qSoenRfq8UOUWoEzUzX6BQ)

Sé fyrirhugað að stækka farmrými eða yfirbyggingu skal útgerð:

- a. Senda Samgöngustofu rafræna beiðni um yfirferð á og samþykkt smíðalýsinga, teikninga og annarra gagna. Sjá RAF-0036, <https://thjonustugatt.samgongustofa.is/form/qSoenRfq8UOUWoEzUzX6BQ>
- b. Senda skal Samgöngustofu upplýsingar um eftirfarandi, eftir því sem við á:
 - a. Teikningar sem sýna eftirfarandi:
 - Breytingar á farmrými eða yfirbyggingu
 - Burðarpolsútreikningar ef breyting hefur áhrif á burðarpol
 - b. Upplýsingar um þyngdarbreytingar og áhrif breytinganna á þyngdarpunkts skips og stöðugleika.
 - c. Áhrif breytinganna á burðargetu skipsins.

Við stækkun á farmrými eða yfirbyggingu þarf að breyta skráningu skips ásamt því að gefa út nýtt mælibréf og þjóðernisskírteini fyrir skip stærri en 15 m. Fyrir báta undir 15 m þarf að gefa út nýtt mælibréf og skrásetningarskírteini.